

Nd.

221. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

Frá menntamálanefnd.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Þeir, sem lokið hafa kandidats- eða meistaraþrófi í íslenskum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu hafa forgangsrétt um kennslu í íslenskri tungu, sögu og bókmenntum við alla skóla ríkisins, þegar kennsla í þessum greinum nemur fullu kennarastarfi.

G r e i n a r g e r ð .

Heimspekideild Háskóla Íslands hefir ritað nefndinni um forgangsrétt þeirra, sem lokið hafa meistaraþrófi í íslenskum fræðum, til kennslu í íslenskum fræðum, og er frv. þetta flutt af því tilefni.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEIMSPEKISDEILDIN

Reykjavík, 12. marz 1936.

Á fundi háskólaráðs 29. nóv. s.l. var lögð fram málaleitun frá nemöndum heimspekisdeildar háskólans, þar sem farið var fram á, að háskólaráðið hlutað-

ist til um, að sett yrðu lög, sem tryggðu kandidötum og meisturum frá heim-
spekisdeild forgangsrétt til allrar kennslu í íslenskri tungu, bókmenntum og sögu
við skóla ríkisins og þá skóla, sem styrktir eru af ríkisfé. Í bréfi stúdentanna
segir svo m. a.:

„Í lögum nr. 36 frá 11. júlí 1911, 1. gr., er tekið fram, að þeir menn einir hafi
rétt til embætta á Íslandi, er embættispróf hafa frá Háskóla Íslands í þeim grein-
um, sem þar eru kenndar til prófs. En enn sjálfsagðara virðist oss, að til hvers
embættis sé sérmenntaður maður í þeirri grein að öðru jöfnu tekinn fram yfir
mann, sem háskólamenntun hefir hlotið á allt öðru sviði. Nú sækja guðfræðingar
aldrei um læknastöður, lækna aldrei um sýslumannsembætti né lögfræðingar
um prestaköll, en kennarastöður í íslenzku og sögu skipa nú margir menn, sem
enga sérmenntun hafa hlotið í þeim greinum. Virðist það og vafasamur hagn-
aður þjóðinni, að kosta sérfræðikennslu handa stúdentum, en vilja svo ekki nota
starfskrafta þeirra að náminu loknu. . . .“

Háskólaráðið fellst algerlega á þessa tillögu stúdentanna og lét því semja
frumvarp um þetta efni og fól heimspekisdeild að koma því á framfæri. Leyfi
ég mér því hér með f. h. heimspekisdeildar að senda háttvirtri menntamálanefnd
neðri deildar nefnt frumvarp með ósk um, að hún flytji það á þessu þingi.

Árni Pálsson,
deildarforseti.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla
Íslands til embætta.

Þeir, sem lokið hafa kandidateits- eða meistaraþrófi í íslenskum fræðum við
heimspekisdeild háskólans, skulu hafa forgangsrétt til kennslu, hvort heldur er
fastrar kennslu eða tímakennslu, í íslenskri tungu, bókmenntum og sögu við
alla skóla ríkisins, svo og við alla aðra skóla, er styrks njóta af ríkisfé.